

Learn morse.

```

1 REM G3PPT MORSE TEST PROGRAM
2 HOME : PRINT SPC(20); "WAIT"
5 DIM SPEED(24)
10 DATA 253,125,61,29,13,5,133,197,229,245
11 DATA 66,132,164,131,1,36,195,4,2,116
12 DATA 163,68,194,130,227,100,212,67,3,129
13 DATA 35,20,99,148,100,196,32,2,173,17
14 DATA 3,141,36,3,41,7,141,37,3,46
15 DATA 36,3,176,5,169,26,76,61,3,169
16 DATA 78,141,92,3,169,192,141,95,3,32
17 DATA 93,3,169,26,141,92,3,169,0,141
18 DATA 95,3,32,93,3,206,37,3,208,215
19 DATA 96,48,7,173,48,192,136,208,5,206
20 DATA 92,3,240,3,202,208,245,174,91,3
21 DATA 76,93,3,96
22 DATA 1050,750,575,450,340,245,175,120,75,25,0
23 DATA 145,120,97,75,58,43,35,16,8,0
25 FOR I = 1 TO 114
30 READ A: POKE 767+I, A: NEXT I
35 FOR I = 4 TO 24: READ SPEED(I): NEXT I
37 A = 100
100 DEF FNA(A) = 48 + INT(RND(1)*10): REM FIGURES GENERATOR
101 DEF FNB(A) = 65 + INT(RND(1)*26): REM LETTERS GENERATOR
102 DEF FNC(A) = 1 + INT(RND(1)*3): REM USED FOR LETTER/FIGURE
104 HOME : PRINT "G3PPT MORSE TEST PROGRAM" : PRINT
105 PRINT "DO YOU WANT : -"
106 PRINT TAB(10); "1 LETTERS"
107 PRINT TAB(10); "2 FIGURES"
108 PRINT TAB(10); "3 A MIXTURE" : PRINT
110 INPUT II : IF II > 3 THEN 104
112 PRINT "INPUT SPEED REQUIRED"
113 INPUT "INTEGER BETWEEN 4 AND 24 W.P.M. ? ": I%
114 IF I% < 4 OR I% > 24 THEN 112
115 N = SPEED(I%): PRINT
116 IF I% < 15 THEN 120
117 REM CHANGE CONSTANTS FOR FASTER SPEED
118 A = 50 : POKE 823,15 : POKE 828,45 : POKE 841,15
120 FOR I = 1 TO 10: REM 10 LINES
130 FOR J = 1 TO 6: REM 6 GROUPS/LINE
140 FOR K = 1 TO 5: REM 5 DIGITS/GROUP
150 ON II GOTO 160,180,200
160 REM LETTERS
170 L = FNB(A): GOTO 220
180 REM FIGURES
190 L = FNA(A): GOTO 220
200 REM MIXED LETTERS/FIGURES
210 LL = FNC(A): ON LL GOTO 170,170,190: REM FOR LETTERS/FIGURE
220 PRINT CHR$(L);
221 IF L < 58 THEN L = L-48
222 IF L > 64 THEN L = L-55
225 POKE 807,L: REM PASS CHARACTER TO SUBROUTINE

```

Stutt Apple-Basic forrit ætlað til að kenna morsstafrófið.

og er aðalega notað í sambandi við gervigreind og rannsóknir henni tengdar. Lisp er öflugt og mikilvægt tölvumál, en dálítið leiðinlegt. Lisp varð til þess að tölvumálið Logo leit dagsins ljós, en Logo er mikið notað við tölvukennslu víða um lönd.

Mumps (hettusótt) þýðir hér ekki sjúkdóm, heldur er það samheiti dregið af Massachusetts Multiprogramming System. Þetta tungumál lítur að sjúkrastofnunum og þeirri starfsemi sem þar fer fram, og er einungis fánlegt fyrir fáar tölvutegundir.

Modula-2 er eitthvert háþróaðasta tölvumál nútímans. Það var samið af Niklaus Wirth sem betrumót á Pascal. Það er svo háþróað að enginn forritar með því eða hefur nokkru sinni rekist á neinn sem forritar með því, en þó er eins og allir trúir að í framtíðinni muni allir gera það.

Prolog (PROgramming in LOGic) málið byggist á táknum. Það var upprunalega samið á sjötta áratugnum en varð fánlegt fyrir margar tölvur eftir 1980. Prolog er eins og Lisp mikið notað af þeim sem fást við gervigreind og það er einnig notað við „fimmtu kynslóðar tölvu-rannsóknir“ Japana, sem tekið hafa miklu ástfóstri við Prolog. Margir telja að þetta tölvumál eigi mikla framtíð fyrir sér. Prolog-forritun byggir mikið á notkun sviga eins og Lisp og er Prolog sagt jafnvel ennþá leiðinlegra en það fyrrnefnda.

Smalltalk er ekki eiginlegt tölvumál — það byggir hvorki á

orðum né táknum heldur myndum og er myndunum skipt í flokka. Þetta tölvumál var fyrst þróað hjá Xerox Parc, og inniheldur fjölda tákna og mynda er birtast á tölvuskjánum. Smalltalk var fyrst notað á Xerox-tölvum en er kannski þekktast af Apple Lisa og Apple Macintosh. Sumir halda því fram að Smalltalk sé tölvumál framtíðarinnar. Ef til vill er það þess vegna sem enginn botnar í því.

TÖLVUTUNGUMÁL — TÖLVUR

Þeir, sem hungrar í frekari fróðleik og vilja kannski vita hvaða tölvumál eru fánleg fyrir hinar ýmsu tölvur fyrir utan Basic, ættu að líta á þennan lista. Sá listi sem hér birtist er þó engan veginn tæmandi:

Acorn BBC: BBC—Basic, BCPL, Forth, Lisp (lítið), Pascal (lítið), Logo.

Apple II: Action, Business Basic, C/65 (lítið C), Cobol, Forth, Fortran, Logo, Mickie, Modula-2, Mumps, Occam, Pascal, Pilot.

Atari: Action, Basic XL, Microsoft Basic, C/65 (lítið C), Forth, Lisp, Logo, Pascal, Pilot.

Commodore 64: Comal, Forth, Logo, Pascal, Pilot.

Dragon:Forth
Dragon 64: Basic 09, C, Pascal.

Oric: Forth

Sinclair Spectrum: Forth, Logo, Pascal (með takmarkaða starfhæfni), Micro-Prolog.

Spectra video: ADA, C, Cobol, Lisp, Fortran, Forth, Pascal, Prolog. (Samantekt: — bó.)

Úthlutað úr sjóði Lis og Ingvars Thorsen

FYRR í sumar var úthlutað samtals 50 þúsund krónum úr Náms- og fræðslusjóði Lis og Ingvars Thorsen. Þetta er í þriðja skipti sem úthlutað er úr sjóðnum.

Að þessu sinni hlutu styrki til náms og kynnisferða: Anna Björnsdóttir vegna náms í lífaflsræktun, Magnús H. Baldursson vegna verklegs náms í fiskeldi og þrír nemendur í Garðyrkjakólánum á Reykjum til kynnisferðar til Hollands. En það er nýjung í starfsemi skólans að gefa nemendum kost á að fara náms- og kynnisferð til Hollands. Þessar ferðir byggjast á skiptiheimsóknnum, því að jafnmargir nemendur í garðyrkju koma hingað frá Hollandi.

Innritun í starfsnám

Á haustmisseri verða haldin eftirtalin námskeið fyrir starfandi fólk í atvinnulífinu og aðra sem vilja bæta þekkingu sína.

Bókfærsla, ensk verslunarbréf, rekstrarhagfræði, stjórnum, tölvufræði, tölvuritvinnsla, vélritun.

Innritun er hafin. Ekki komast fleiri að en 25 á hverju námskeiði.

Kennsla hefst mánudaginn 25. september.

Kennslan fer fram á kvöldin nema tölvuritvinnslan sem verður á mánudags- og fimmtudagsmorgnum frá kl. 8.05—9.30.

Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans.

Verslunarskóli Íslands,
Grundarstíg 24, Reykjavík.
Sími 13550.

FYRIR HAUST-VEIÐIMENN

Vatteraðir veiðigallar kr. 7.180,-



Veiðistígvél



Hiker:
Gúmmí/leður
kr. 2.499,-



Hunter
de luxe
leður
kr. 3.808,-

**Haglabyssur í úrvali.
Gerfigæsir og gæsaflautur.**



ÚTILÍF
Glæsibæ, sími 82922.



Frá Grunnskólum Reykjavíkur

Nemendur komi í skólana fimmtudaginn 6. september nk. sem hér segir:

9. bekkur komi kl. 9.
8. bekkur komi kl. 10.
7. bekkur komi kl. 11.
6. bekkur komi kl. 13.
5. bekkur komi kl. 13.30.
4. bekkur komi kl. 14.
3. bekkur komi kl. 14.30.
2. bekkur komi kl. 15.
1. bekkur komi kl. 15.30.

Fornámsnemendur í Réttarholtsskóla komi kl. 13.
Forskólabörn (6 ára), sem hafa verið innrituð, verða boðuð í skólana, símléiðis.

Skólafulltrúi.